

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð nr. 486/2003 um stjórn hreindýraveiða,
með síðari breytingum.

1. gr.

1. málslíður 1. mgr. 6. gr. orðist svo:

Ráðherra ákveður og auglýsir hve mörg hreindýr megi veiða á hverju ári og hvernig veiðum skuli skipt eftir svæðum, veiðítíma, aldri og kyni dýra, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar.

2. gr.

3. mgr. 6. gr. orðist svo:

Veiðítími tarfa er frá 1. ágúst til 15. september og veiðítími kúa frá 1. ágúst til 20. september ár hvert að báðum dagsetningum meðtöldum. Umhverfisstofnun getur þó heimilað veiðar á törfum frá 15. júlí að fenginni umsögn hreindýraráðs. Ráðherra getur ákveðið, skv. tillögu Umhverfisstofnunar, að heimila veiðar á kum á veiðisvæði 7, 8 og 9 á tímabilinu frá 1. til 30. nóvember, sbr. 1. mgr. séu hjarðir óaðgengilegar á veiðítíma að mati Náttúrustofu Austurlands.

3. gr.

2. og 3. málslíður 2. mgr. 10. gr. orðist svo:

Þeir sem fengið hafa úthlutað veiðileyfi skulu greiða gjaldið að fullu eigi síðar en 15. apríl.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 20. janúar 2015.

Sigrún Magnúsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 23. janúar 2015